

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit 2007.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi:

lítrar	kr.
0-2000	4.200
2001-4000	5.000
4001-6000	5.750

Losunargjald er innheimt fyrir hverja losun ef rotþró er yfir 6.000 lítrar að stærð; 2.600 krónur á rúmmetra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanskildum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 25. janúar 2007. Þá hefur gjaldskráin hlotið umfjöllun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit nr. 182/2004.

Þingeyjarsveit, 25. janúar 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2007